

Félagsmálaráðuneytið

Stöðuskýrsla nr. 12 til ráðgefandi aðila

Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 25.3.2021

Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins þann 26. maí 2020 sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísi og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar.

Uppbyggingarteymið fundar að jafnaði aðra hverja viku og gefur út stöðuskýrslur í kjölfar þeirra sem dreift er til hlutaðeigandi og ráðgefandi aðila. Tekið er við ábendingum, beiðnum og fyrirspurnum tengdum félags- og atvinnumálum á netfangið, vidbragd@fm.is.

Í stöðuskýrslu tólf er að finna upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir til að draga úr langtímaatvinnuleysi og aðstoða einstaklinga sem fullnýta rétt til atvinnuleysisbóta eða eru við það að fullnýta réttindi sín í atvinnuleysistryggingakerfinu við að öðlast sjálfstæðan sess á vinnumarkaði á ný. Einnig er að finna í skýrslunni upplýsingar um virkni- og atvinnuúrræði sveitarfélaga fyrir notendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga.

Áhugavert í tólfstu stöðuskýrslu

- Farið er af stað nýtt átaksverkefni stjórnvalda, **Hefjum störf** sem ætlað er að draga úr langtímaatvinnuleysi og aðstoða einstaklinga sem eru við það að fullnýta eða hafa fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta við að öðlast sess á vinnumarkaði á nýjan leik.
- **Hefjum störf**, felur í sér sögulega háan fjárhagslegan stuðning til að auðvelda fyrirtækjum, opinberum aðilum (þ.m.t. sveitarfélögum) og frjálsum félagasamtökum að ráða til sín atvinnuleitendur nú þegar framboð á starfsfólki hefur aldrei verið meira og fjölbreyttara.
- Ljóst er á svörum sveitarfélaga og/eða félagsþjónustusvæða til uppbyggingarteymis að mikill áhugi er hjá sveitarfélögum fyrir því að skapa störf fyrir ólíka hópa enda hafa sveitarfélögin góða en mismikla reynslu af slíkum úrræðum.



Hefjum störf!

Til að draga úr líkum á langtímaatvinnuleysi og koma til móts við þá einstaklinga sem fullnýta bótarétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins hefur félagsmálaráðuneytið haft til skoðunar ýmsar leiðir til að gera litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sveitarfélögum og opinberum stofnunum ásamt frjálsum félagasamtökum kleift að ráða til sín fólk hraðar en þau hefðu ella gert vegna óvissu um framvindu á vinnumarkaði næstu mánuði.

Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar er talið að um 2.300 einstaklingar kunni að fullnýta bótarétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á árinu 2021. Nú er staðan þannig að um 4.500 einstaklingar hafa verið án atvinnu í meira en 12 mánuði og um 7.500 einstaklingar hafa verið án atvinnu í 6-12 mánuði.

Föstudaginn 12. mars 2021 kynnti ríkisstjórn Íslands nýtt átaksverkefni undir yfirskriftinni **Hefjum störf**, þar sem kynntir voru nýir og auknir fjárhagslegir hvatar til þess að atvinnuleitendur komist fyrr í störf og fyrirtæki, sem mörg hver hafa haldið að sér höndum, komist fyrr af stað í uppbyggingarferli eftir þau víðtæku áhrif sem heimsfaraldur COVID-19 hefur haft á atvinnulífið. Markmið átaksins er að aðstoða vinnumarkaðinn við að skapa störf og þar með styðja atvinnuleitendur enn frekar í þeirri vegferð að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði á ný.

Hinu nýja átaki, **Hefjum störf**, er ætlað að aðstoða allt að **4.000 atvinnuleitendur**, sem verið hafa lengi án atvinnu og eru við það að fullnýta eða hafa fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta á síðustu mánuðum, við að hefja störf að nýju. Í vor er svo stefnt að því að aðstoða allt að **3.000 námsmenn** við að fá sumarstörf, en það verður kynnt betur þegar nær dregur.

Hefjum störf – úrræði fyrir atvinnuleitendur

Bakgrunnur

Samkvæmt gildandi reglugerð nr. 918/2020 er Vinnumálastofnun heimilt að veita fyrirtækjum styrk vegna ráðningar einstaklings sem skráður hefur verið án atvinnu í a.m.k. þrjá mánuði sem nemur fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta á mánuði, þ.e. 307.430 kr. auk 11,5% mótframlags í lífeyrissjóð. Þá er gerður ráðningasamningur við viðkomandi atvinnuleitanda á grundvelli almennra kjarasamninga og þarf fyrirtækið að greiða mismuninn á kjarasamningsbundnum launum og ráðningarstyrk.

Ráðningarstyrkur er frábrugðið öðrum úrræðum á borð við viðspyrnustyrk, lokunarstyrk eða tekjufallsstyrk að því leyti að það grundvallast á fjölgun starfsmanna, en hafi fyrirtæki jafnframt hlotið aðra styrki kemur þessi styrkur til frádráttar þeirri aðstoð. Þannig er tryggt að fyrirtæki geti ekki nýtt sér fleiri en eitt úrræði í senn.

Almenn skilyrði fyrir greiðslu ráðningarstyrks til atvinnurekenda eru m.a. að ráðningin feli í sér fjölgun starfsfólks, að atvinnuleitandinn hafi ekki gegnt sama starfi á síðustu tólf mánuðum og að atvinnurekandinn hafi ekki á síðustu mánuðum sagt upp starfsmönnum sem gengt höfðu því starfi sem fyrirhugað er að ráða atvinnuleitandann til að gegna. Fari atvinnuleysi á landsvísu eða á einstaka landssvæðum yfir 6% er Vinnumálastofnun heimilt að víkja frá skilyrðum um að starfsmanni hafi ekki verið sagt upp í viðkomandi starfi á síðustu sex mánuðum auk þess sem heimilt er að ráða einstaklinga sem verið hafa án atvinnu í einn mánuð.

Ýmislegt bendir til þess að núverandi regluverk gagnist ekki nægilega vel til þess að örva lítil og meðalstór fyrirtæki til að fjölga ráðningum eða hvetja sveitarfélög, opinberar stofnanir og félagasamtök sem rekin eru til almannaheilla til þess að nýta ráðningastyrki til að flýta ráðningum og ráðast í ýmis mikilvæg samfélagsverkefni með því að búa til ný tímabundin störf. Í ljósi þess hefur verið ákveðið að ráðast í átaksverkefnið **Hefjum störf** sem líst er hér á eftir og finna má frekari upplýsingar um á síðunni hefjumstorf.is.

Hefjum störf - fyrir fyrirtæki með færri en 70 starfsmenn:

Vísbendingar eru um að mörg þeirra fyrirtækja sem komist hafa í gegnum efnahagsþrengingar undanfarinna missera geti ekki nýtt sér ráðningastyrki til að hraða ráðningum þar sem þau hafa ekki fjárhagslega burði til að greiða mismun á ráðningarstyrk og kjarasamningsbundnum launum þrátt fyrir þá miklu aðstoð sem felst í úrræðinu. Því hefur verið ákveðið í tengslum við hið nýja átak að Vinnumálastofnun verði heimilað að greiða fyrirtækjum með færri en 70 starfsmenn, sem ráða til sín einstakling sem verið hefur **án atvinnu í tólf mánuði eða lengur, full laun skv. kjarasamningum að hámarki kr. 472.835 á mánuði, sem er hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta, auk 11,5% mótframlags í lífeyrissjóð**. Samningur getur verið til allt að sex mánaða.

Stefnt er að því að allt að **2.000 atvinnuleitendur** verði ráðnir á grundvelli þessa úrræðis.

Hefjum störf - fyrir sveitarfélög og opinberar stofnanir:

Til að koma til móts við þann hóp sem er við það að fullnýta bótarétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins eða hafa nýlega fullnýtt bótarétt sinn er lagt til að farið verði í sérstakar aðgerðir til að aðstoða einstaklinga í þeim hópi við að öðlast að nýju sjálfstæðan sess á vinnumarkaði. Því hefur verið ákveðið í tengslum við hið nýja átak að Vinnumálastofnun verði heimilt að greiða sveitarfélögum og opinberum stofnunum ráðningastyrk í allt að sex mánuði (tólf mánuði fyrir þá sem eru með skerta starfsgetu) vegna ráðningar einstaklinga sem eiga minna en sex mánuði eftir af rétti sínum til atvinnuleysisbóta þ.e. **hafa verið án atvinnu í 24 mánuði eða lengur**. Þessi leið verður einnig í boði fyrir einstaklinga sem fullnýtt hafa bótarétt sinn frá 1.október 2020. Heimilt verður að greiða ráðningarstyrki sem nemi **fullum launum skv. kjarasamningum að hámarki kr. 472.835 á mánuði, sem er hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta, auk 11,5% mótframlags í lífeyrissjóð**.

Stefnt er að því að allt að **1.500 atvinnuleitendur** verða ráðnir á grundvelli úrræðisins.

Hefjum störf - fyrir félagasamtök sem rekin eru til almannaheilla:

Lagt er til að félagasamtökum, sem rekin eru til almannaheilla og án hagnaðarsjónarmiða, verði gert kleift að stofna til tímabundinna átaksverkefna með því að auka heimildir Vinnumálastofnunar til að greiða þeim ráðningarstyrki sem nemi **fullum launum skv. kjarasamningum að hámarki kr. 472.835 á mánuði sem er hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta, auk 11,5% mótframlags í lífeyrissjóð í allt að sex mánuði**. Til viðbótar geta frjáls félagasamtök fengið sérstakan styrk sem nemur allt að **25% af fjárhæð þess styrks sem greiddur er hverju sinni til þess að standa straum af kostnaði við sérstök tímabundin átaksverkefni** svo sem við landvernd, viðhald göngustíga, landhreinsun, gróðursetningu, íþrótt- og afþreyingarstarf fyrir börn og unglinga o.s.frv. Það skilyrði er sett að viðkomandi atvinnuleitandi hafi verið **án atvinnu í tólf mánuði eða lengur**.

Stefnt er að því að allt að **500 atvinnuleitendur** verði ráðnir á grundvelli úrræðisins.

Ráðningarstyrkir fyrir öll fyrirtæki

Þá munu fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum áfram geta nýtt sér ráðningarstyrki sem auðvelda atvinnurekendum að ráða starfsfólk og fjölga atvinnutækifærum þeirra sem eru án atvinnu. Með ráðningarstyrk getur atvinnurekandi fengið fullar grunnatvinnuleysisbætur með hverjum atvinnuleitanda sem hefur verið án vinnu í 30 daga eða lengur í allt að sex mánuði með hverjum nýjum starfsmanni, eða **307.430 krónur á mánuði, auk 11,5% framlags í lífeyrissjóð**.

Ekkert hámark er á fjölda starfsmanna sem fyrirtæki geta ráðið með þessu úrræði sem staðið hefur til boða um langa hríð.

Hefjum störf – úrræði fyrir námsmenn

Stjórnvöld ætla að ná til þess hóps námsmanna sem ekki fær starf eða aðgang að öðru úrræði (líkt og sumarnámi) í sumar og verður það kynnt síðar í samstarfi við mennta- og menningarmála- ráðuneytið og aðra hagsmunaaðila.

Stefnt er að því að allt að **3.000 námsmenn** verði ráðnir á grundvelli úrræðisins í sumar.

Sveitarfélög, virkni og atvinna.

Sendur var út samræmdur spurningalisti á 31 sveitarfélag/félagsþjónustusvæði til að vekja athygli á og spyrjast fyrir um áform sveitarfélaga til þess að nýta sér ráðningarstyrki og þátttöku í átaksverkefninu, **Hefjum störf** sem lýst hefur verið hér að framan. Tilgangur spurningalistans var að fá fram upplýsingar um áhuga sveitarfélaga á að ráða fleira starfsfólk í fjölbreytt verkefni og ekki síður til að vekja athygli þeirra á þeim fjölbreyttu möguleikum sem nú eru í boði til þess að búa til störf og vinna gegn mögulegum áhrifum langtímaatvinnuleysis fyrir fólk og samfélag.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir sveitarfélögin/félagsþjónustusvæðin og bárust svör frá þrettán sveitarfélögum/félagsþjónustusvæðum, þar af fjórum stærstu:

1. Hefur sveitarfélagið nýtt sér **ráðningarstyrki** Vinnumálastofnunar?
 - a. Ef já, fyrir hversu marga einstaklinga?
 - b. Ef já, hvers konar störf er boðið upp á?
2. Hyggst sveitarfélagið nýta sér átaksverkefnið **Hefjum störf** til að fjölga störfum á næstu mánuðum?
 - a. Ef já, til hvaða hópa mun verða horft til við ráðningar?
3. Hefur sveitarfélagið markvisst boðið upp á **virkníúrræði/störf fyrir fólk með fjárhagsaðstoð**?
 - a. Ef já, hvers konar úrræði?
4. Telur þú líklegt að sveitarfélagið muni ráða **námsmenn til sumarstarfa** fá þau styrk til þess líkt og síðasta sumar?
 - a. Ef já, hvernig störf verður boðið upp á fyrir námsmenn?

Svör vegna ráðningarstyrkja

Fram kemur í svörum sveitarfélaga að mjög misjafnt er með hvaða hætti þau hafa nýtt vinnumarkaðsúrræði á borð við ráðningarstyrki fram til þessa. Akureyrarbær, Reykjavíkurborg, Árborg, Vestmannaeyjabær og fleiri smærri sveitarfélög hafa til að mynda nýtt ráðningarstyrki töluvert. Önnur sveitarfélög á borð við Hafnarfjörð, Kópavog og Mosfellsbæ höfðu ekki reynslu af því að nýta sér ráðningarstyrki svo þar gætu reynst sóknarfæri.

Akureyrarbær réði tíu atvinnuleitendur í gegnum úrræðið árið 2020 og tuttugu og einn atvinnuleitanda á árinu 2021, þar af tuttugu í þjónustu í kringum Hlíðarfjall.

Reykjavíkurborg hefur ráðið 75 atvinnuleitendur með aðstoð ráðningarstyrks þar sem störfín eru fjölbreytt og markhópurinn breiður. Til að mynda hefur Reykjavíkurborg ráðið nokkuð í störf sérfræðinga með háskólamenntun, störf í þjónustuveri, almenn skrifstofustörf, störf í búsetuþjónustu á velferðarsviði, störf verkamanna í borgarlandinu, störf í leikskólum, störf skólaliða í grunnskólum og störf í sundlaugum borgarinnar.

Árborg hefur ráðið átta atvinnuleitendur með aðstoð ráðningarstyrks og þá helst í verkefni á sviði félags- og fræðslumála.

Svör vegna átaksverkefnisins, *Heffjum störf*

Þegar spurt var hvort sveitarfélög hygðust nýta sér hið nýja átaksverkefni, *Heffjum störf* voru svörin á þann veg að nær öll sveitarfélög höfðu slíkt í hyggju.

Heilt yfir var mikill vilji til þess að ráða atvinnuleitendur sem hafa klárað eða eru að klára bótarétt og einnig þá sem verið hafa á atvinnuleysisbótum í 24 mánuði eða lengur. Einnig svöruðu nokkur sveitarfélög því til að þau myndu reyna að ráða sérstaklega atvinnuleitendur með skerta starfsgetu eða atvinnuleitendur af erlendum uppruna.

Svör vegna framboðs virkniúrræða til atvinnuleitenda sem fá fjárhagsaðstoð

Nær öll sveitarfélög/félagsþjónustusvæði sem svöruðu spurningalistanum sögðust bjóða upp á fjölbreytt úrval virkniúrræða og störf fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Reykjavíkurborg hefur boðið einstaklingum sem þurfa fjárhagsaðstoð til framfærslu störf innan borgarinnar á grundvelli samþykkt borgarráðs um aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna COVID-19. Alls hefur verið samþykkt að skapa 400 störf fyrir atvinnulausa einstaklinga með bótarétt og vinnufæra einstaklinga sem eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum og fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Reykjavíkurborg býður einnig upp á fjölbreytt úrval virkniúrræða ætluð ólíkum markhópum. Sem dæmi má nefna **Starfabrú** fyrir arabískumælandi notendur fjárhagsaðstoðar, **IPS** starfsendurhæfingarúrræði fyrir notendur fjárhagsaðstoðar, **Grettistak** fyrir þá sem glímt hafa við fíknivanda og eru með langvarandi félagslegan vanda, **Karlasmiðju** fyrir karla á aldrinum 25-55 ára sem hafa litla vinnu og skólareynslu, **Kvennasmíðju** fyrir mæður með langvarandi félagslegan vanda á aldrinum 25-45 ára sem hafa litla vinnusögu og brotna skólagöngu, **Bataskólann** fyrir þá sem glímt hafa við geðrænar áskoranir og **TINNU** sem er markviss vinna með foreldrum og börnum þeirra með áherslu á stuðning til sjálfshjálpar og að bæta lífsgæði.

Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á virkni í formi vinnu fyrir vinnufæra notendur fjárhagsaðstoðar. Hjá Hafnarfjarðarbæ er starfandi atvinnulífsráðgjafi sem leggur áherslu á einstaklingsmiðaða nálgun og að úrræðið/starfið höfði til reynslu, menntunar, áhuga og starfsgetu viðkomandi. Atvinnulífsráðgjafi aðstoðar skjólstaðinga í atvinnuleit meðal annars með því að vera í sambandi við fyrirtæki og stofnanir og koma á samstarfi. Samstarfið felur í sér að fyrirtækið eða stofnunin ræður til sín starfsfólk af fjárhagsaðstoð og fær styrk sem samsvarar andvirði fjárhagsaðstoðar.

Hjá **Akureyrarbæ** hefur verið í gangi atvinnuátaksverkefni fyrir fólk sem ekki á bótarétt hjá Vinnumálastofnun og uppfyllir skilyrði um fjárhagsaðstoð. Fundin hafa verið störf við hæfi hjá stofnunum Akureyrarbæjar og kostnaður bókaður miðlægt. Þátttakendum hefur verið veittur stuðningur og markmiðið er að starfsfólk í áttakinu fái störf til frambúðar á viðkomandi vinnustað sem hefur orðið raunin í meirihluta tilvika.

Auk þessa rekur Akureyrarbær **Virkið** sem er samstarf fjórtán stofnana á Akureyri sem vinna saman að því að veita ungmennum á aldrinum 16-29 ára aðstoð vegna ýmiss vanda. Mörg ungmennanna eiga það sameiginlegt að standa á krossgötum í lífinu og innan Virkisins fá þau fræðslu og virkni sem hjálpar þeim að verða virkir þátttakendur í samfélaginu á ný.

Hjá **Árborg** er boðið upp á virkniúrræði sem nefnist **Auðlindin**. Það er virkniúrræði fyrir ungt fólk sem fær fjárhagsaðstoð með áherslu á tengingu við atvinnulíf og virkni.

Svör vegna námsmannaátaks 2021

Sé litið til svara sveitarfélaga/félagsþjónustusvæða þá má segja að fyrirhugað námsmannaátak sumarið 2021, þar sem styrkir fylgja ráðningu námsmanna í tvo mánuði yfir sumartímam sé það úrræði sem

svarendur óumdeilt hafa hugsað sér að nýta. Öll þau sveitarfélög/félagsþjónustusvæði sem svöruðu spurningum teymisins töldu líklegt að sveitarfélagið myndi nýta sér slíkt úrræði sumarið 2021.


Reykjavíkurborg réði 457 námsmenn síðastliðið sumar, 18 ára og eldri, til starfa í gegnum slíkt átak og hyggst nýta sér slíkan möguleika aftur. Slíkt hið sama gerði **Kópavogsbær** á síðasta ári þegar þeir réðu **122 námsmenn** í fjölbreytt verkefni. Nær öll sveitarfélög sem svöruðu spurningarlistanum höfðu reynslu af slíku átaki og voru jákvæð fyrir slíku úrræði aftur sumarið 2021. Með þeim fyrirvara að undirbúningur átaksins er ekki hafin, þá töldu sveitarfélögin líklegt að um fjölbreytt störf yrði að ræða. Sem dæmi um slík störf má nefna: Verkefnastjórnun, sérhæfð skrifstofustörf, símsvörur, frístundþjónusta, sumarliða á leikskóla, skjalavörslu, skapandi störf, þjónusta við fatlað fólk og aldraða, efling lýðheilsu, störf við myndbandagerð, tæknistörf, garðyrkjustörf, stígagerð, stafræna þjónusta og margt fleira sem krefst ólíkrar menntunar og reynslu.

Tekjufall atvinnuleitenda

Vinnumálastofnun vann tekjufallsgreiningu fyrir þann hóp atvinnuleitenda sem misst hefur vinnu sína frá marsmánuði 2020 og til dagsins í dag. Í gögnum Vinnumálastofnunar kemur í ljós að tekjutenging atvinnuleysisbóta nýtist fyrst og fremst atvinnuleitendum sem höfðu tekjur hærrí en 400.000 kr. á mánuði og í þessum gögnum kemur einnig almennt fram að tekjutengingin nýtist Íslendingum betur en innflytjendum, eldra fólki fremur en yngra og körlum fremur en konum.

Í gögnum Vinnumálastofnunar sést hvernig atvinnuleysistryggingakerfið ver tekjur fólks sem hafði lægst tekjur fyrir atvinnumissi. Þeir hópar sem höfðu á bilinu 300-500 þúsund á mánuði í tekjur fyrir atvinnumissi halda að jafnaði 70% af tekjum sínum allt fram yfir mánuð sjö í atvinnuleitinni. Eftir því sem tekjur fyrir atvinnumissi voru hærrí því meira verður tekjufallið þegar líður á tímabil atvinnuleysis og tímabil tekjutengingar atvinnuleysisbóta fullnýtist.

Ljóst er að tekjufall þeirra tekjuhópa sem höfðu á bilinu 500-900 þúsund krónur í laun á mánuði fyrir atvinnumissi er á bilinu 35-64%, þar sem tekjufall eykst eftir því sem tekjur fyrir atvinnumissi voru hærrí.



Mynd 1: Línuritið sýnir hlutfall atvinnuleysisbóta af fyrri tekjum atvinnuleitenda skipt eftir tekjuflokkum og fjölda mánaða án atvinnu. Tekjuhóparnir hlaupa á 200.000 kr. þ.e. (+/-100.000 þús. á mán fyrir atvinnumissi). Heimild: Vinnumálastofnun